

KENNSLUAÐFERÐIR

Academic Scaffolding.

Scaffolding er notað til að lýsa hvernig færni nemandans er þróuð stig af stigi í þá átt að geta tekist á við verkefni á eigin spýtur (scaffold=vinnupallur).

(Gibbons, 2002). Academic language scaffolding, aðstoð við uppbyggingu fræðilegs orðaforða, gengur út frá hugmyndum Cummins um Cognitive Academic Language Proficiency CALP, akademiskur orðaforði, fræðiorðaforði, skólaorðaforði (Chamot & O'Malley, 1994). Scaffolding, eða þrepaaðstoð (byggja vinnupall fyrir nemandann), felur í sér nokkra tengda þætti: Lista upp orðaforða sem nauðsynlegur er til að geta tekist á við námið, setja áþreifanleg markmið. Setja fræðilega orðaforðann í samhengi við bakgrunn nemandans með ýmsum hjálpartækjum: orðaforðinn gerður áþreifanlegur með því að fara og sjá eða sækja og koma við, sýningar, heimsóknir, leiklist. Brúa bilið á milli þess sem nemandinn kann og veit og nýs orðaforða og upplýsinga. Því fylgir hugflæði, útbúa kort með tilgátum, finna bækur tengdar efninu, upplýsingar á veraldarvefnum o.þ.h. Þróun skilnings og kunnáttu leiðir til þess að nemandinn verði í vaxandi mæli sjálfstæður í náminu. Tækni eins og KWL =What do I know, What do I want to know, What have I learned; að hugsa upphátt eru dæmi um slíkar aðferðir. Þrepaaðstoð, scaffolding, getur falist í því að breyta texta, gera hann auðveldari án þess að taka út aðalatriðin. Þessar aðferðir eru mikilvægastar í kennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku, og geta verið notaðar í öllum almennum bekkjum.

Assistive and corrective feedback.

Það eru til margvislegar aðferðir til að örva tungumálakunnáttu. Mál- og málfræðivillur eru eðlilegar og nauðsynlegur hluti af málanáminu. Því ber að leggja megináherslu á málnotkun en málnákvæmni.

- Modeling

Að gefa fyrirmynd fyrir nemandann sem hann hermir eftir. Kennarar gefa fyrirmynd að tungumálinu í samskiptum, þetta er mikilvægt á fyrstu stigum námsins. Kennarar

hugsa upphátt og setja fram í ritun og lestur. Þeir gefa dæmi um svör eða fullgerðum setningum sem nemendur tileinka sér.

- Feeding back

Svörun eða viðbrögð leyfir nemandanum að bera saman mál sitt við mál kennarans og þannig að leiðrétta sjálfan sig. Að undirbúa fyrirmæli eða að útskýra matsaðferðir áður en verkefni eru leyst hjálpar nemandanum að vita að hverju á að gæta, hvað er mikilvægast, hvað hann á að læra.

Total Physical Response (TPR)

Þróað af James J. Asher á 7. áratug síðustu aldar. TPR er tungumálakennsluaðferð sem byggist á tengslum á milli tungumálsins og líkamlegrar túlkunar á því. TPR leggur áherslu á líkamstjáningu til að auka merkingu námsins og tungumálsins. Asher leggur áherslu á að TPR geti verið aðalþáttur tungumálakennslunnar eða mjög árangursrík viðbót. Í TPR kennslustund gefur kennarinn fyrirmæli og á framkvæmir á sama tíma fyrirmælin. Fyrirmælin eru endurtekin og framkvæmd þangað til nemendurnir hafa tileinkað sér þau. Smám saman fara nemendurnir að framkvæma samkvæmt fyrirmælunum og fara síðan sjálfir að gefa hver öðrum fyrirmælin. Þetta þróast yfir í flóknari fyrirmæli:

1. Kennari gefur fyrirskipun um leið og hann framkvæmir hana.
2. Kennari gefur fyrirskipun og framkvæmir hana ásamt nemendum.
3. Kennari gefur fyrirskipun og nemendur framkvæma hana.
4. Kennari gefur fyrirskipun og einn nemandi framkvæmir hana.
5. Nemandi gefur fyrirskipun og kennari og nemendur framkvæma hana.
6. Kennari og nemandi útfæra fyrirskipun og koma með nýjar setningar.

Þessi aðferð:

1. Sameinar upplýsingar og kunnáttu (skills) með notkun „kinesthetic sensory system“.
2. Stuðlar að því að nemandinn nái að tengja upplýsingar og kunnáttu á sem stystum tíma.
3. Skilja talað mál á undan því að geta talað sjálfur.
4. Fyrirmæli eru aðaltækin til að koma upplýsingum á framfæri.

Whole language approach

Hugsunin byggist á því að nemendurnir verði að upplifa tungumálið í heild sinni. Tungumálið verður að vera kennt í merkingarlegu samhengi sem nemandinn þekkir vel. Hér er lögð áhersla á tungumál sem höfðar til veruleika nemandans og að tungumálið sé ekta, sem tengist bæði þróun ritunar- og talfærni (Blanton 1992). Þannig eru kennslustundirnar fólgnar í samtölum kennara og nemenda í töluðu og rituðu formi, ritunarferli og sögum tengdar upplifun nemendanna.

The Natural Approach

Var þróað af Stephen Krashen og Tracy Terrell á 7.áratug síðustu aldar, og hefur haft mikil áhrif á tungumálakennslu. Það leggur áherslu á það að koma nemendum fljótt yfir í reiprennandi tal með því að leggja inn mikið magn af tungumáli og kunnuglegt efni. Kennsluaðferðir felast í:

- **Activities organized topically**
Þemakennsla sem byggist á samskiptum. Áherslan er lögð á það að koma skilaboðunum áleiðis. „getting the message across“.
- **Interesting/Relevant**
Höfða til áhugasviðs nemendanna. Velja orðaforða sem höfðar til veruleika þeirra.
- **Comprehensible input**
Nota ákveðna skýrskotun, áþreifanlega hluti og látbragð. Ganga úr skugga um að nemendur skilji. Leggja áherslu á lykilorð. Tala hægt og skýrt. Þjóða nemendum tungumál sem er aðeins fyrir ofan þeirra kunnáttu.
- **Thinking skills**
Spyrja spurninga, gefa fyriræli og hafa viðfangsefni þannig að nemendur séu hvattir til að hugsa rökrétt. Fá nemendur til að nota tungumálið á virkan hátt eins og að rifja upp, merkja, nefna, lýsa, útskýra, rannsaka, spyrja, bera saman, flokka, raða í rétta röð, túlka, alhæfa, greina, sameina, meta.
- **Conversational management**

Þjóða nemendum tækifæri til að ræða saman í þörum, litlum hópum með viðfangsefni sem hæfir kunnáttu þeirra í tungumálinu. Takmarka ber að leiðrétta málið en gefa þess í stað fyrirmyndir að setningum og útpenslu setninga. Einnig ber að samþykkja einfalt tungumál frá nemandanum. Leyfa nemendum að þjóða sig sjálfir fram til að tala en ekki kalla eftir tali frá þeim.

Minimal pair

Tvö lík orð, eins og rós og dós, dós og dót o.s.frv. orð sem eru eins fyrir utan einn staf sem er staðsettur á sama stað í orðunum. Það er mikilvægt að æfa framburð svona orða til að leggja áherslu á viðkomandi stafi og hljóð þeirra.

Scaffolding

Aðstoð í tali eða riti frá kennara til að hjálpa nemandanum í að auka við kunnáttu sína og færni. „Scaffolds“ eða vinnupallar hjálpa nemandanum að framkvæma betur en hann annars myndi gera.